

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 53.

13. febrúar 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, Jóns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 13. febrúar 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, Jóns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar, skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn var stofnaður af hjónunum Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Ísak Jónsyni, skólastjóra í Reykjavík, til minningar um foreldra hans.

2. gr.

Upprunalegt stofnfé sjóðsins 1943 var kr. 5000.00, en hefur síðan aukizt með gjöfum og vöxtum og voru í sjóðnum við lok reikningsárs 1965 kr. 90 817.44, og er gert ráð fyrir, að hann aukist áfram á sama hátt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja Skóla Ísaks Jónssonar fyrst og fremst með því að kaupa kennsluáhöld, eða verja vöxtum minningarsjóðsins til að efla starfsemi skólans á einhvern annan hátt. Einnig má veita börnum efnalítilla foreldra styrk til dvalar í skólanum, eftir því sem stjórn sjóðsins telur mögulegt samkvæmt upphaflegu markmiði minningarsjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í Veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, en umframfé skal ávaxtast í sparisjóði Landsbankans. Verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn hans.

5. gr.

Fjórum fimmtu hlutum ($\frac{3}{5}$) af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 3. greinar, en einn fimmti hluti ($\frac{1}{5}$) vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 50 000.00, fimmtíu þúsund krónur, en þegar svo er orðið, skal úthluta öllum vöxtum árlega, samkvæmt 3. grein.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

- a. Skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar, Reykjavík, og er hann formaður sjóðsins.
- b. Skólanefnd Skóla Ísaks Jónssonar skipar annan sjóðsstjórnarmeðlim (karl eða konu) og skal sá maður eða kona vera einhver af ættingjum eða venzlamönnum gefendanna, ef völ er á.
- c. Þriðji meðlimur sjóðsstjórnarinnar skal vera Fræðslumálastjóri, eða sá maður, sem síðar kann að gegna því hlutverki, er Fræðslumálastjóri gegnir nú.

Skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins, eða einhver annar, er stjórn sjóðsins samþykkir.

Fari svo, að Skóli Ísaks Jónssonar verði lagður niður, ákveður síðasta löglega kosin stjórn sjóðsins, í samráði við borgarstjóra Reykjavíkur, til hvaða líknarstarfsemi sjóðurinn skuli ganga, samkvæmt tilgangi gefendanna, og þannig, að aðeins $\frac{1}{2}$ af árlegum vöxtum hans sé úthlutað í styrktarfé, þar til sjóðurinn nemur kr. 50 000.00. Jafnframt skal þessi síðasta löglega stjórn sjóðsins ákveða, hverjir skuli skipa hina nýju stjórn sjóðsins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin sér um reikningshald sjóðsins og skulu endurskoðendur vera hinir sömu og þeir, er kosnir eru til að endurskoða reikninga Skóla Ísaks Jónssonar.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. sept. ár hvert til jafnlengdar næsta ár. Verði Skóli Ísaks Jónssonar lagður niður annast endurskoðendur Borgarreikninganna árlega endurskoðun sjóðsreikninga. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

8. gr.

Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari og um leið fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, er staðfest var 23. apríl 1957.

Reykjavík, 22. okt. 1967.

Helgi Elíasson.

Magnús Stefánsson.

Högni Egilsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 5.50 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 2.10 hver kwst. auk fastagjalds af gólfleti, er nemi kr: 27.00 á m² á ári í rúmi því, er lýsa skal.
13. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kwst.mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms er lýsa skal.

Fastagjaldið nemi 8 földum mismun á kwst.gjaldi samkv. A 11 og kwst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.